

Heiti áætlunar: Danska

Hópur: 8. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Nafn: Helga Gunnarsdóttir

Danska

Hlustun

- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni
- geti greint lykilorð sem tengjast orðaforða viðfangsefnisins
- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaforða um, t.d. um sjálfan sig og nánasta umhverfi
- skilji aðalatriði í tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
- skilji til fullnustu stuttar setningar, t.d. upplýsingar, tilkynningar, leiðbeiningar og fyrirmæli

Lestur

- geti lesið einfalda texta sem tengjast viðfangsefninu í þeim tilgangi að finna ákveðnar upplýsingar (leitarlestur)
- geti lesið og skilið til hlítar stutta einfalda texta sem tengjast efnisflokkum sem fengist er við
- geti við lestur getið sér til um merkingu orða út frá samhengi textans og með því að nota bakgrunnsþekkingu sem nemandinn hefur
- geti lesið styttri texta og skilið aðalatriði hans (yfirlitslestur)

Ritun

- geti skrifað einföld skilaboð
- geti skrifað stuttar, einfaldar frásagnir sem byggjast á efni og orðaforða sem tengist viðfangsefninu, m.a. út frá einföldum orðtengslamyndum eða hjálparorðum
- geti skrifað stutta texta út frá myndum eða myndasögnum
- geti skrifað kort og stutt persónuleg sendibréf, t.d. boðskort, jólakort, afmæliskort

Talað mál - frásögn

- geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- geti sagt stutta sögu eða lýst einhverju út frá myndum eða minnispunktum
- geti sagt í stuttu máli frá tilteknu efni með aðstoð orðtengslamynda eða minnispunkta
- geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem fengist hefur verið við, á eigin forsendum í nýju samhengi

Talað mál - samskipti

- geti hafið og endað samtál
- geti tekið þátt í einföldum samræðum tveggja um efni sem hann þekkir vel úr sínu nánasta umhverfi
- geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju
- geti mælt sér mót við einhvern og samið um stað og stund

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Danska

Hlustun

- skilji allt venjulegt, talað mál sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu

Námsgögn

- Smart lesbók og vinnubók, dönsk málfræði, dönsk tónlist, danskt sjónvarpsefni og danskar kvikmyndir.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Innlöng kennara á viðfangsefni hvers tíma fyrir sig. Farið yfir orðin sem þarf að glósa, hvað þýða þau og hvernig þau eru borin fram. Kennarinn ber þá fram orðin og nemendur á eftir til þess að tryggja sem réttastan framburð.

Farið yfir orð og merkingu þeirra á íslensku til þess að nemendur öðlistgrunnorðaförða í dönsku.

Hlustunarefni

Til að æfa og þjálfá skilning á dönsku.

Tónlist

Kynna fyrir nemendum danska tónlist til þess að ýta undir frekari áhuga á tungumálinu og um leið að ýta undir skilning og orðaförða í dönsku.

Umræður

Æfa framburð, talað mál og grunnorðaförða í dönsku.

Aðrar kennsluaðferðir

Danskar kvikmyndir og danskt sjónvarpsefni verður notað í kennslu til

Námsmat

Vinnubók

Vinnubók og önnur verkefni sem ætalst er til að nemendur vinni á hvorri önn eru metin í lokaeinkunn og gilda 10% af lokaeinkunn.

Kannanir

Á hvorri önn eru fjórar kannanir í óreglulegum sögnum. Hver könnun gildir 5% af lokaeinkunn.

Mat á frammistöðu í tímum

Frammistaða og virkni í tímum gildir 10% af heildareinkunn hverrar annar.

Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar eru skrifleg próf sem gilda 40% af lokareinkunn.

Annað mat

Verkefni sem nemendur vinna í 3. dönskutímanum (áformstímum) eru 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

Þessi verkefni eru ekki uppúr námsbókunum í staðin eru þau unnin í tengslum við danskt sjónvarpsefni, lestur á léttlestrarefni á dönsku og frjálsri skrift um

að þjálfa skilning og kynna betur fyrir nemendum menningu landsins. Í einhverjum tilfellum vinna nemendur verkefni út frá því sem horft er á en þess á milli er á efnið frekar að ýta undir áhuga á dönsku og menningu Dana.

ákveðið efni.

Unnið með orð af orði, orð dagsins, til að ýta undir skilning og orðaforða.

Annað

Dönskutímar fara eins mikið og hægt er fram á dönsku og eru þá nemendur líka hvattir til þess að spreyta sig á tungumálinu í kennslustundum.

Heiti áætlunar: Enska

Hópur: 8. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 24.08.2015-10.06.2016

Nafn: Sigurður Heiðarr Björgvinsson

Enska

Hlustun

- geti fylgt meginþræði í myndmiðlaefni sem tengist áhugasviði

Lestur

- geti leitað sér upplýsinga í uppflettiritum
- geti lesið sér til gagns og gamans margs konar léttari texta, t.d. í tímaritum og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- skilji lyklatríði í aðgengilegu fjölmiðlaefni

Ritun

- geti notað algengustu tengiorð til að lýsa atburðarás t.d. first, then, later
- geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um

Talað mál - frásögn

- geti flutt einfalda, undirbúna kynningu
- geti sagt skilmerkilega frá því sem hann hefur lesið eða heyrt

Talað mál - samskipti

- geti átt samskipti og skipst á upplýsingum um það sem snertir nánasta umhverfi og daglegt líf
- geti notað málið við ýmsar aðstæður, t.d. látið í ljós ánægju og skipst á skoðunum við aðra á viðeigandi hátt

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Enska

Hlustun

- geti skilið ensku í kennslustofunni, tal kennara og félaga í par- og hópæfingum
- geti skilið nokkuð nákvæmar upplýsingar, s.s. tilkynningar og skilaboð í verslunum og á veitingastöðum og upplýsingar um ferðalög

Lestur

- geti lesið um valda þætti úr menningu enskumælandi þjóða
- geti unnið markvisst með orðaforða
- geti lesið tímaritsefni, s.s. tímarit sérstaklega ætluð enskunemum og ungu fólki
- geti lesið léttar smásögur
- geti leitað sér upplýsinga í handbókum/tölvuneti/geisladiskum

Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda, styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi
- geti nýtt sér fyrirmyndir við að skrifa lengri og flóknari texta
- geti notað markvisst orðaforða sem hann hefur lært

Talað mál

- geti tekið þátt í samtölum um efni sem snertir daglegt líf hans
- geti átt samskipti á ensku, þ.m.t. tekið orðið, umorðað mál sitt og leiðrétt sig
- geti talað ensku í kennslustundum
- geti tjáð sig um umhverfi sitt og áhugamál og það efni sem unnið er með hverju sinni á skýran og skipulegan hátt
- hafi lært að beita réttum framburði, áherslum og hrynjandi

Kennsluáferðir

Bein kennsla

Farið sameiginlega yfir námsefnið og helstu áhersluatriði tekin fyrir á töflu.

Fræðslumyndir

Sýndar verða kvikmyndir eða stuttir þættir og myndskreið sem tengjast umfjöllunarefninu hverju sinni.

Hlustunarefni

Nemendur hlusta á upplestur á hluta af námsefninu og vinna verkefni út frá því.

Hópverkefni

Námsleikir

Tjáning

Námsmat

Frammistöðumat

Heiti áætlunar: Íþróttir

Hópur: 8. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Skólaíþróttir

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar um möguleika til frekari ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félagar eða félögum hvatningu
- þjálfist í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnum sem snýr að íþróttum og leikjum

Líkamsþroski - fagurþroski

- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, hjarta og blóðrásarkerfi, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í a.m.k. tólf mínútur, ýmsum leikjum sem innihalda stöðugt álag í nokkuð langan tíma
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. ýmsum styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, tvímenningsæfingum, kúluvarpi
- þjálfist í að nota eigin líkamspunga til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. leikjum af ýmsum toga, ýmsum viðbragðsæfingum
- tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, 12 mín. hlaup, kraftpróf, armtog á bita, skáhanga, hælur í gólf, armbeygja og armrétta, liðleikapróf, teygja fram á kassa

Skynþroski - hreyfiþroski

- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttgreinum
- þjálfist í undirstöðuatriðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. klettaklifri, róðri, dansi, s.s. valhoppspolka, spuna, bændaglímu

Vitsmunþroski

- fræðist um og tileinki sér rétta líkamsbeitingu í skóla og við vinnu
- læri með hvaða æfingum og leikjum hægt sé á markvissan hátt að efla hjarta og blóðrásarkerfi, starfsemi lungna
- fái fræðslu og reynslu í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- læri helstu hugtök ýmissa íþróttagreina

Námsgögn

- Ýmis íþróttahöld

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Kennsluaðferðir

Námsmat

Hreyfing

Nemendur hreyfa sig í tímanum

Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

Verklegar æfingar

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Mat á frammistöðu í tímum

Metið verður eftir hegðun, áhuga og virkni í tímum og gildir það 40 % af heildareinkunn.

Frammistöðumat

Frammistöðumat verður 60 % af heildareinkunn og mun skiptast í þolpróf 40 % hreystipróf 60 %

Heiti áætlunar: Íslenska

Hópur: 8. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Nafn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Íslenska

Bókmenntir

- þekki mun óhefðbundinna og hefðbundinna ljóða
- lesi og ræði um valdar vísur og ljóð
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, endurtekning, persónugerving og líking og geti notfært sér þau í umfjöllun um bókmenntatexta
- geri sér grein fyrir grunnhugtökunum í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur og umhverfi
- skoði hugmyndaheim teiknimyndasagna
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum eða - þáttum

Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir
- geti hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra
- geti hlustað á umræður og gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir innihaldi þeirra
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál og endursagt efnið á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega

Lestur

- þjálfist í notkun orðabóka og annarra handbóka
- lesi unglingsbækur að eigin vali
- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni eða á Netinu
- auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- geti skynjað boðskap og markmið texta
- sé fær um að gera útdrátt úr efni sem hann hefur lesið

Málfræði

- átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og í hverju flokkunin felst
- þekki beygingaratriði fallorða og geti í því sambandi fundið fall, tölu og kyn og notfært sér þessi hugtök í leiðbeiningum um málfar og í tengslum við leiðbeiningar og frágang texta
- geri sér grein fyrir hvaða orðmynd er uppflettimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, ýmiss konar orða-

og málleikjum og spuna

- geti fundið nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum mun þeirra

Ritun

- fáið við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók, ritunar- og leiðréttingarforrit
- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- þjálfist í að taka glósur í námi sínu
- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- skrifi útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- þjálfist í ritun með margháttuðum tölvusamskiptum, t.d. með tölvupósti, þátttöku í netráðstefnum og spjallrásum

Talað mál & framsögn

- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að tala blaðlaust um ákveðið efni, bæði að eigin vali og um málefni líðandi stundar
- þjálfist í að segja og flytja skopsögur, bæði eigin og annarra, í minni og stærri hópum og skoði hvað kemur fólki almennt til að hlæja

Námsgögn

- Tungufoss 1
- Tungutak 1
- Orðhákur 1
- Aukaefni eftir þörfum
- Gunnlaugs saga
- Skólavefurinn
- Kennsluforrit af nams.is

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Málfræðiatríði, stafsetningarreglur og

Námsmat

Sjálfstæð verkefni

annað kynnt og útskýrt með dæmum.

Fyrirlestrar

Fyrirlestrar fluttir um málfar, ræðumennsku, málnotkun og bókmenntir.

Ritun

Nemendur þjálfa ritunarhæfni sína með ýmsum ritunarverkefnum.

Umræður

Rætt um lesnar sögur og ljóð, um málfar og málnotkun.

Utanbókarnám

Nemendur læra ljóð utan að, 10 fyrir áramót og 10 eftir áramót

Vinna með ólíka miðla

Framsetning efnis á mismunandi hátt

Þjálfunarforrit

Notuð til að þjálfa m.a. stafsetningu og málfræði

Nemendur vinna verkefni eftir áhugasviðum, gildir 10-15% af annareinkunn.

Annað mat

Nemendur læra ljóð utan að, gildir 10 % af annareinkunn.

Mat á frammistöðu í tímum

Framlag í tímum/þátttaka í umræðum gildir 15%

Skriflegt próf

Stafsetning 10%

Skriflegt próf úr málfræðiatríðum og lesnum sögum gildir 50-55%

Heiti áætlunar: Náttúrufræði

Hópur: 8. bekkur

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Náttúrufræði

Úr lífvísindum

- geti borið saman plöntu- og dýrafrumu
- geti lýst sérhæfingu og hlutverki frumulíffæra, s.s. kjarna, hvatbera, ríbósóma og grænu korna
- kynnist völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem varpa ljósi á þróun lífvísinda
- geti lýst sameiginlegum einkennum lífvera
- geti lýst orkuþörf lífvera og hvernig þær verða sér úti um orku

Tímabil: 02.09.2015-31.01.2016

Nafn: Sigurður Heiðarr Björgvinsson

- geti skýrt hvers vegna vatn er nauðsynlegt öllum lífverum
- geri greinarmun á ólífrænum og lífrænum efnum og þekki hlutverk sykkurefna, prótína, fituefna og erfðaefnisins
- geti lýst stærð og uppbyggingu frumna og dæmum um sérhæfingu þeirra eftir eigin athuganir á frumum, t.d. í þekjuvef laufblaðs, loftaugum smáþörungum og húðfrumum úr munnholi
- vinni að heimildaöflun og verkefnum um einstaka hópa lífvera, s.s. fiska í sjó eða þörungum, sem tengst getur vistfræðiverkefni á 10. þrepi
- geti lýst gildi fjölbreytileika lífvera á jörðinni
- geti lýst lífsferlum og næringaröflun sveppa og þekki gagnsemi og skaða sem af þeim hlýst
- kynnist ríkjum plantna og vefdyra út frá völdum áherslur, s.s. lífsferlum, æxlun, ljóstillífun og þroskun
- geti lýst fjölbreytni meðal baktería með tilliti til frumuöndunar og næringaröflunar
- kynnist því hvernig maðurinn nýtir bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi annarra
- geti útskýrt lifnaðarhætti veira og sérstöðu þeirra
- geti lýst grundvelli flokkunar lífvera í hópa

Námsgögn

- Lífheimurinn - lítróf náttúrunnar.
- Fræðslumyndir tengdar efni bókarinnar.
- Annað sem til fellur, s.s. blaðagreinar eða greinar á neti sem tengjast efni bókarinnar.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Farið yfir efni kennslubókarinnar. Efni rætt og útskýrt nánar eftir atvikum.

Fræðslumyndir

Nemendur horfa á fræðslumyndir tengdar námsefni.

Umræður

Opnar umræður um umfjöllunarefni bókarinnar og ýmislegt tengt því sem nemendum dettur í hug.

Verklegar æfingar

Leitast verður við að gera verklegaræfingar sem tengjast námsefninu eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Námsmat

Kannanir

Kaflapróf verða eftir hvern kafla. Samtals 7 próf.

Frammistöðumat

Mat á þáttöku og virkni nemenda í tímum.

Vinnubók

Nemendur svar spurningum í lok hvers undirkafla. Auk þess leysa þeir ýmis verkefni sem þarf að skila til kennara.

Heiti áætlunar: Samfélagsfræði

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 8. bekkur

Nafn: Helga Gunnarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

Landafræði

Kort og myndir

- þekkja muninn á korti í stórum og litlum mælikvarða
- þjálfast í framsetningu landfræðilegra gagna, t.d. hvernig upplýsingar um hitafar og úrkomu tiltekins staðar í eitt ár má setja fram á loftslagsriti eða hvernig aldurs- og kynskipting fólksfjölda birtist í aldurspíramída
- læra að þekkja og bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og geta rætt um hvaða þættir hafa áhrif á lífsskilyrði fólks og staðarval
- læra um möguleika nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar landfræðilegra upplýsinga
- fá yfirsýn yfir hvað litir, letur og tákn merkja á landakortum

Lokamarkmið úr Aðalnámsskrá

Landafræði

-

- kanni valin svæði á yfirborði jarðar með áherslu á heimabyggðina, Ísland, Norðurlönd, Evrópu, heimsálfur og heiminn í heild
- þekki nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja
- þekki tilurð og notkun margs konar landfræðilegra upplýsinga eins og loftmynda, korta, taflna og grafa
- geti metið nýtingu og gildi verndunar auðlinda og umhverfis
- þekki einkenni svæða allt frá heimabyggð til fjarlægari staða með tilliti til landslags, gróðurs, auðlinda, búsetu og menningar

Samfélagsfræði

- þekki mun á náttúrulegum og manngerðum verðmætum
- kynnist og kunni skil á því hvernig samspil manns og náttúru hefur þróast og hvernig sú þróun kemur t.d. fram í skipulagi samgangna og samfélags og ólíkum lífsháttum og lífskjörum fólks

Þrepamarkmið úr Aðalnámsskrá

Landafræði

Kort og myndir

- læri að lesa úr og búa til aldurspíramída
- skynji mikilvægi upplýsinga á kortum við staðarval t.d. verslunarmiðstöðvar og tengsl þeirra við samgöngur og íbúabyggð
- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskautsbauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins

- læri að lýsa mynstri árstíðabundins meðalhita og meðalúrkomu á Íslandi á þemakorti eða loftslagslínuritum
- læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks

Ríki heims

- átti sig á ástæðum þess að fólk flytur, t.d. vegna óskar um betra húsnæði, það skiptir um starf, flýr faraldra, stríð eða ofsóknir
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks
- skilji hvernig náttúruafar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf og tæknileg, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu
- þekki helstu atvinnuvegi jarðarbúa og hvernig náttúran sníður atvinnulífi hvers lands stakk og setur því skorður
- átti sig á hvernig daglegt líf og efnahagur fólks í þróunarlandi stýrist af náttúruöflunum í ríkari mæli en í iðnríki
- kynnist megindrattum efnahagslífs þjóða, tengslum þess við nýtingu náttúruauðlinda og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar
- kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu
- átti sig á merkingu hugtaksins sjálfbær þróun
- þjálfist í að rökræða ágreining t.d. um staðarval stóriðju eða landnotkun innan þéttbýlis
- kynnist áhrifum breyttra atvinnuhátta á það hvar fólk býr og samskipti þess
- kynnist dæmum um alþjóðlegar aðgerðir til að bæta líf fólks í þróunarlöndum
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks

Námsgögn

- Um víða veröld Heimsálfur

Kennsluáðferðir

Bein kennsla

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefst. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

Heimildarvinna

Nemendur vinna heimildarvinnu um eitt ákveðið land einu sinni á skólaárinu. Það er til þess að dýpka þekkingu þeirra á viðkomandi landi,

Námsmat

Skriflegt próf

Báðar annir taka nemendur skriflegt próf sem gilda 30% af lokaeinkunn.

Mat á frammistöðu í tímum

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 10% hvora önn.

Ritgerð

Vorönn gera nemendur heimildaritgerð um eitt ákveðið land sem gildir 20% af lokaeinkunn.

menningu og þjóð.

Hópverkefni

Hver hópur tekur fyrir hluta af efni kennslubókarinnar og vinnur uppúr honum kynningu sem flutt verður fyrir hópinn.

Umræður

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

Kannanir

Á vetrarönn verða tvær kannanir úr lesefninu og gildir hvor um sig 15% af lokaeinkunn.

Á vorönn verður ein könnun úr lesefninu sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Vinnubók

Verkefni sem nemendur vinna úr námsefni gildir 20% af lokaeinkunn hvorrar annar.

Annað mat

Nemendur vinna hvora önn eitt stærra hópverkefni sem er metið til einkunnar og gildir verkefnið 10% af lokaeinkunn hvorar annar.

Heiti áætlunar: Stærðfræði

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 8. bekkur

Nafn: Elva Þórisdóttir

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Stærðfræði

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll milli stærða og geti skýrt þau með tilvísan til almennra brota og mynda eða teikninga
- vinni með prósentur í margvíslegu samhengi þannig að nemandinn skilji að prósent merkir hluta af hundraði og byggji á þeim skilningi þegar hann reiknar með prósentum
- fáist við prósentureikning sem algengur er í þjóðfélaginu, t.d. hækkun eða lækkun, aukningu eða minnkun og afslátt

Lausnir verkefna og þrauta

- glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar feli í sér samsetningar ólíkra hugtaka og aðferða

Mynstur og algebra

- vinni með bókstafi til að tákna stærðir og beiti reiknireglum á stæður (heiti) þar sem ein eða fleiri óþekktar stærðir koma fyrir
- kynnist muninum á stæðu (heiti) og jöfnu
- leysi einfaldar jöfnur og byggji á skilningi á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- vinni með víxlreglu og tengireglu samlagningar og margföldunar

Reikniaðferðir, reiknikunnátta og mat

- noti reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda og reikna prósentur með því að breyta í tugabrot og reikna svo
- öðlist það góða tilfinningu fyrir tölum að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- tileinki sér tækni til að reikna í huganum, m.a. með því að beita námundun eða dreifireglu, tengireglu og víxlreglu þar sem við á
- námundi tölur að heilum þúsundum, hundruðum, tugum, einingum, tíundu hlutum, hundraðshlutum og þúsundustu hlutum
- venjist því að reyna að gera sér grein fyrir svári áður en gripið er til reiknivélar
- temji sér að prófa útkomur og leita að reiknivillum

Rúmfræði

- kynnist réttthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum og geti nýtt sér eiginleika þeirra í útreikningum
- fáist við réttthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti og hnit punkta og spegli og hliðri punktum í hnitakerfi
- þekki hugtök, s.s. punkt, línu, línustrik, geisla, horn og ýmsar gerðir marghyrninga, fari rétt með heiti þeirra og geti lýst þeim bæði í mæltu máli og með því að teikna myndir, borið þau saman og flokkað
- fáist við einfaldar hliðranir, snúninga og spegланir mynda í sléttum fleti
- hanni réttthyrning með gefnu ummáli og flatarmáli og átti sig á því að réttthyrningur með gefið ummál getur haft breytilegt flatarmál
- vinni verkefni sem sýna fram á regluna um hornasummu þríhyrnings og noti hana til að reikna stærðir grannhorna og horna í jafnarma,

jafnhliða og rétthyrndum þríhyrningum

- tileinki sér hugtök og aðferðir við að mæla og reikna lengdir strika, flatarmál og ummál marghyrninga og rúmmál réttra strendinga

Röksamhengi og röksemdafærslur

- kynnist hugtökunum mengi, stak, hlutmengi, sammengi og sniðmengi

Stærðfræði og tungumál

- temji sér að fara rétt með stærðfræðiheiti og tákni, s.s. jafnaðarmerki

- lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ártöl í rómverskum tölum, almenn brot, tugabrot, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur

- þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða

Tengsl stærðfræði við daglegt líf og önnur svið

- noti stærðfræði til að henda reiður á eigin fjármálum

- vinni með tíma-, lengdar-, flatar-, rúmmáls- og þyngdareiningar í metrakerfi og kynnist sambandi þeirra innbyrðis

Tölfræði og líkindafræði

- geri sér grein fyrir líkindahugtakinu og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkindum en aðrir ekki

- setji fram og túlki tíðnitöflur, súlurit, línurit og aðrar einfaldar aðferðir við framsetningu og lýsingu tölulegra gagna

- fáist við, þekki og skilji hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi

Tölur

- vinni með sléttar tölur og oddatölur og átti sig á reglum um deilanleika talna með 2, 3, 4, 5, 9 og 10

- breyti endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot

- meti hvenær tvö almenn brot eru jöfn og fáist við röðun almennra brota, styttingu og lengingu og tengsl þeirra við tugabrot og prósentur

- þekki mengi heilla talna, náttúrlegra talna og ræðra talna og tákneiti þeirra, Z, N og Q

- vinni með heilar tölur, röðun þeirra, talnarunur og reikniaðgerðir

Námsgögn

- Almenn stærðfræði I

- Skali 1A og 1B

- Leikni

- Vinkill 1

- Vefsíður

- annað ítarefni eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Verður notuð þegar leggja á inn nýja

Námsmat

Kannanir

Eftir hvern kafla/lotu er kaflapróf.

námsþætti, skerpa á efni sem áður hefur verið tekið fyrir eða þegar leysa á sameiginleg viðfangsefni. Bein kennsla frá töflu er aðeins lítill hluti kennslunnar.

Hópverkefni

Annað slagið eru kennslustundir skipulagðar þannig að nemendur vinna saman í pörum eða stærri hópum. Svona verkefni geta verið hluti af námsmati.

Umræður

Nemendur eru þjálfaðir í umræður um stærðfræðileg málefni og læra þannig að beita fyrir sér stærðfræðilegum hugtökum.

Utanbókarnám

Ætlast er til að nemendur kunnir utanbókar margföldunartöfluna svo og einfaldar formúlur s.s. flatarmáls- og ummálsformúlur í rúmfræði.

Þjálfunarforrit

Þónokkur áhersla verður lögð á að nemendur þjálfu nýlærða þætti stærðfræðinnar í þjálfunarforritum á netinu. Þau forrit sem mest verður unnið með eru, ixl.com, stodkennarinn.is, rasmus.is og skolavefurinn.is

Þrautalausnir

Nemendur fá þjálfun í að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir með mismunandi

Kaflaprófin gildi 30% af lokaeinkunn annarinnar.

Mat á frammistöðu í tímum

Vinna nemenda í tímum, frágangur, vinnusemi, þátttaka í umræðum og þessháttar gildir 10% af lokaeinkunn annarinnar.

Heimapróf

Á um það bil tveggja vikna fresti fá nemendur verkefni (svokölluð skilaverkefni) sem þeir eiga að vinna heima. Þessi verkefni gilda samanlagt 20% af lokaeinkunn annarinnar.

Yfirlitspróf

Yfirlitspróf er próf sem nemendur taka í lok annar og er það byggt á því sem nemendur hafa lært á önninni. Þetta próf gildir 40% af lokaeinkunn annarinnar.

aðferðum, s.s. með teikningum.

Annað

Námsefninu er skipt upp í lotur (sjá kennsluáætlun sem nemendur fá). Nemendur vinna í námsefni sem hæfir þeirra getu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð ásamt góðum frágangi og uppsetningu. Heimavinna getur hvort heldur er verið að vinna upp ef nemandi er á eftir áætlun eða þjálfunarverkefni í bókum eða á neti. Reglulega fá nemendur heimaverkefni sem gildir til einkunnar.

Heiti áætlunar: Sund

Hópur: 8. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámsskrá

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Skólasund

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- fái upplýsingar um frekari ástundun sunds hjá íþróttafélögum
- leysi af hendi verkefni sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félagi eða félögum hvatningu

Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka, liðleika og hreyfanleika
- þjálfist í að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka 50 m bringusund þar sem tímalágmark er 67 sek.
- taki þátt í 400 m þolsundi þar sem markmiðið er að geta synt vegalengdina viðstöðulaust með frjálsum sundaðferðum
- þjálfist í að geta troðið marvaða í a.m.k. eina mínútu
- þjálfist í að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka 25 m skriðsund þar sem tímalágmark er 30 sek.

Skynþroski - hreyfiþroski

- bæti tækni í helstu sundaðferðum, s.s. bringusundi, skriðsundi, baksundi
- geti synt að hlut í miðri laug, kafað eftir honum á allt að 2 m dýpi og synt til baka; æfingin síðan endurtekin eftir 10 sek.
- nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 25 m skriðsundi, 25 m baksundi

Vitsmunþroski

- öðlist þekkingu á mikilvægi sunds og geti nýtt sér hana til líkams- og heilsuræktar
- öðlist aukna þekkingu á réttri beitingu sundtaka
- þjálfist áfram í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni og endurlífgun
- tileinki sér öryggisatriði sundstaðar

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

Verklegar æfingar

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Námsmat

Frammistöðumat

Nemendur taka sundpróf og í námsáætlunni stendur hvað nemendur þurfa að gera.

Heiti áætlunar: Heimilisfræðival

Hópur: 8. bekkur

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Heimilisfræði

Aðrir þættir

- sýni samábyrgð og hæfni til að vinna með öðrum

Hreinlæti

- temji sér að nota hreinlætisvörur í hófi og velja umhverfisvænar vörur
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið (matareitranir/-sýkingar)
- öðlist færni í að þvo upp í höndum og upphvottavél og halda hreinum tækjum og áhöldum
- læri hvernig á að halda heimili hreinu (eldhús, salerni, gluggar, gólf, skápar, skúffur o.fl.)
- tileinki sér hreinlæti við matreiðslustörf

Matreiðsla og vinnubrögð

- þjálfist í að matreiða fjölbreyttan og hollan mat samkvæmt Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni
- viti að matreiðsluaðferðir hafa áhrif á gæði og hollustu matarins
- öðlist færni í að nota helstu matreiðsluaðferðir
- þekki helstu þjóðarrétti Íslendinga og matarmenningu

Matvælafræði

- þekki algengustu matvæli á markaðnum og geti lagt mat á gæði þeirra

Neytendafræði og umhverfisvernd

- leggi mat á auglýsingar og upplýsingar
- taki þátt í umræðum um ráðstöfun eigin fjár

Næring og hollusta

- þjálfist í að setja saman máltíðir samkvæmt Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni og ráðlögðum dagskömmtum (RDS)
- læri um kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði, svo sem lysterstol, lotugræðgi, offitu, sykursýki, ofnæmi og óþol
- skrái í fæðudagbók fæði í einn dag og meti niðurstöður með hjálp upplýsingatækni

Námsgögn

- Ég er það sem ég vel, efni fyrir 8. og 9. bekk
- Fjármálalæsi
- Matur og menning
- Næring og lífshættir

Tímabil: 20.09.2015-14.01.2016

Nafn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

- Uppskriftir frá kennara

-

-

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Hópverkefni

Sköpun

Upplýsingartækni

Verklegar æfingar

Vettvangsferðir

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Yfirferð námsefnis

Námsmat

Kannanir

Mat á frammistöðu í tímum

Sjálfstæð verkefni

Vinnubók

Annað

Nemendur í 8. og 9. bekk eru saman í valhópi í heimilisfræði. Verkefni tengd daglegu lífi, fjölbreyttar uppskriftir skoðaðar og unnið eftir þeim.

Nemendur vinna kennslumyndband í matreiðslu/bakstri, fara í vettvangsferðir og velta fyrir sér neytenda- og umhverfisfræði.

Heiti áætlunar: Upplýsingatækni8/9

Hópur: 8. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

Tímabil: 21.09.2015-31.05.2016

Nafn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Tölvunotkun

Beiting tölvu

- hafa sett fram eigið efni á vef og vera fær um að meta gæði efnis sem sett er fram á þann hátt
- hafa notað töflureikni til margþættra útreikninga
- hafa notað tölvupóst til að koma fyrirspurn til opinberra aðila, fyrirtækja eða stofnana

Tölvulæsi

- geta valið og notað viðeigandi tölvubúnað til að koma upplýsingum á framfæri
- geta sett upp og viðhaldið vefsíðu
- geta notað upplýsingatækni, s.s. rafrænar glærur og margmiðlun, til að flytja fyrirlestur

Viðhorf

- hafa mótaða skoðun á gildi tölvutækni í viðhaldi eigin menntunar
- hafa skilning á gildi tölvutækni sem miðils í lýðræðisþjóðfélagi

Upplýsingamennt

Menningarlæsi

- hafa mótaða skoðun á gildi upplýsingatækni í viðhaldi eigin menntunar
- skilja þýðingu höfundarréttar og þekkja inntak laga um höfundarrétt og persónuupplýsingar

Tæknilæsi

- hafa náð góðum tókum á blindskrift og réttri líkamsbeitingu við tölvuvinnu
- geta notað pósthöfund og netfundi til samskipta og samstarfs við aðra um tölvunet, innanlands og erlendis
- hafa haldgóða þekkingu á upplýsingaveitum á Netinu

Upplýsingalæsi

- kunna flókna leit í mismunandi leitarvefjum
- geta leitað að tímaritsgreinum og dagblaðsgreinum
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti gert grein fyrir niðurstöðum sínum með miðlum upplýsingatækninnar
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti flokkað og metið þær á gagnrýninn hátt með tilliti til áreiðanleika þeirra
- kunna að afla heimilda; það felur í sér að nemendi geti metið eigin niðurstöður

Námsgögn

-
- Efni af vef mms.is - upplýsingatækni á unglingsstigi
 - Google kerfið

- Office

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Heimildarvinna

Sýnikennsla

Upplýsingartækni

Verklegar æfingar

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Annað

Nemendur læra að nýta sér Google kerfið, senda póst, nota Drive og vinna saman í skjölum og deila á milli,

Nemendur læra grunnatriði í forritun á scratch.mit.edu með hjálp frá myndböndum á mms.s

Nemendur æfa ýmis atriði í Officepakkanum.

Heiti áætlunar: Lífsleikni

Hópur: 8. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Lífsleikni

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Nafn: Dagný Rósa Úlfarsdóttir og Helga Gunnarsdóttir

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning

- læri að meta ráðstöfun eigin tekna með tilliti til nauðsynja og annarra útgjalda
- þekki ýmis lög og reglur sem taka til samskipta manna
- geti sýnt ábyrga hegðun í ferðum á vegum skólans
- viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk og hvert hann geti leitað eftir ráðgjöf um námsval og læri að nýta sér upplýsingatækni í því skyni
- þekki almennar umferðarreglur og umferðarmerki og nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum og efli með sér borgaravitund
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- sé meðvitaður um félagslega og siðferðilega ábyrgð sem neytandi
- hafi tileinkað sér ábyrg sjónarmið og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins
- kunni skil á einföldum launaseðlum og skilji reikningsyfirlit
- geti nýtt sér helstu fjölmiðla og lagt mat á fréttáflutning

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- læri að skilja hvernig fjölmiðlar skapa lífsstíl sem endurspeglast meðal annars í tilteknum kynhlutverkum og líkamsfyrirmyndum
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- geti fundið lausnir á margvíslegum úrlausnarefnum sem upp kunna að koma í daglegu lífi
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- læri að vega og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja
- geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu

- nýti ráðgjöf um náms- og starfsleiðir
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í mótun lífsgilda þeirra
- sé meðvitaður um ábyrgð og leiðsögn foreldra í uppeldi barna sinna
- sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðferði og kynhegðun hvers og eins
- sé meðvitaður um jafnréttis- og mannréttindahugsjónir sem leiðarljós í öllum samskiptum

Námsgögn

- Ýmis gögn frá kennurum, s.s.
- fræðslumyndir, fyrirlestrar, umræðuverkefni.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla
Fræðslumyndir
Fyrirlestrar
Hópverkefni
Umræður
Vettvangsferðir

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Annað

Lífsleikni á ungligastigi er jafnan kennd af 2 kennurum, stundum allur hópur saman og stundum skipt í minni hópa. Fengist er við viðfangsefni tengd daglegu lífi, sem og ýmsum viðfangsefnum sem tengjast einstaklingnum í samfélagi með öðrum einstaklingum.